

# UMBOÐSMADUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701  
Heimasiða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F100/2021

Reykjavík, 18. maí 2021

Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir  
Landlæknisembættið  
Katrínartúni 2  
105 Reykjavík


Vísað er til svars yðar, dags. 14. maí sl., við fyrirspurn minni 11. sama mánaðar viðvíkjandi framkvæmd bólusetninga þar sem þér teljið að síðari hluta hennar beri að beina til umdæma heilsugæslu. Ég hef nú í tilefni af svari yðar ritað forstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins hjálagt bréf en útiloka ekki að óskað verði eftir frekari skýringum frá embætti yðar í framhaldinu.

Undanfarna daga hafa mér áfram borist kvartanir og ábendingar vegna framkvæmdar bólusetninga vegna COVID-19, meðal annars frá þeim sem tilheyra skilgreindum forgangshópum í bólusetningu samkvæmt 2. mgr. 4. gr. a. reglugerðar nr. 221/2001, um bólusetningar á Íslandi, með síðari breytingum, en hafa ákveðið að hafna boðun í bólusetningu vegna þeirrar tegundar bóluefnis sem viðkomandi stóð til boða það skiptið.

Af þessu tilefni er þess óskað að mér verði veittar upplýsingar um hvort þeir sem eru í áðurlýstri stöðu njóti áfram forgangs í bólusetningu samkvæmt fyrirmálum áðurgreindrar reglugerðar og hvernig meðferð mála þeirra er háttar, einkum með tilliti til þess hvort þeir eru boðaðir aftur í bólusetningu miðað við þann forgangshóp sem þeim var upphaflega raðað í eða hvort þeir þurfi að fara í svokallaða opna tíma.

Þess er óskað að svör berist eigi síðar en 25. maí nk.

Virðingarfyllst,

  
Skúli Magnússon